

Akureyri 30. nóvember 2009

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík


Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá umhverfisnefnd Alþingis **tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009 - 2013**, 200. mál. Stjórnin samþykkti eftirfarandi:

Stjórnin gerir ekki athugasemdir við friðlýsingu þeirra svæða sem upp eru talin, enda ekkert þeirra á starfssvæði samtakanna, þ.e. Norðurlandi eystra. Stjórnin vill hins vegar koma á framfæri almennum ábendingum.

Aðkallandi er gera breytingar á vinnubrögðum við gerð náttúruverndaráætlunar. Áætlunin er nú unnin miðlægt af starfsmönnum tveggja stofnana ríkisins í Reykjavík auk umhverfisráðuneytis án eðlilegs samráðs við sveitarstjórnir og heimamenn. Líta verður á það sem grundvallaratriði að náðið samráð sé haft við viðkomandi sveitarstjórnir og þeim sé ætlað frumkvæði í þessum málum. Sveitarfélögin fara með skipulagsvaldið og augljóst er að friðlýsingar svæða varða hagsmuni þeirra.

Eins og fram kemur í greinargerð er enn unnið að friðlýsingu svæða sem eru í fyrri áætlun og ekki hefur verið hrundið í framkvæmd enn. Mikilvægt er að kalla eftir skýrari forgangsröðun fjármuna á sviði náttúruverndar. Full ástæða er til að staldra við og e.t.v. tilnefna færri svæði, ef ekki eru tök á að fylgja eftir þeim friðlýsingum sem þegar hafa verið samþykktar, enda er fjöldi og stærð friðlýstra svæða hér á landi þegar orðinn mikill, eða sem svarar tæplega 20% af flatarmáli Íslands.

f.h. stjórnar Eyþings

  
Pétur Þór Jónasson  
framkvæmdastjóri